

Helga Íris Ingólfssdóttir

From: Halldóra Konráðsdóttir <halldorakon@gmail.com>
Sent: föstudagur, 14. ágúst 2020 12:09
To: Helga Íris Ingólfssdóttir
Subject: Re: Netaveiði í Ólafsfjarðarvatni.
Attachments: image001.jpg

Categories: Vistað í OneCRM; 2008056
One: -1

Góðan daginn.

Við óskum eftir leyfi til netaveiðar í Ólafsfjarðarvatni í landi Hólkots.

Þ.e. veiða með 1 net frá þriðjudagsmorgni til föstudagskvölds.

Kveðja Halldóra og Kalli.

Þann þri., 11. ágú. 2020, 11:15 Helga Íris Ingólfssdóttir skrifaði <helgairis@fjallabyggd.is>:

Góðan daginn Halldóra og Karl Símon.

Sveitarfélaginu barst fyrirspurn frá ykkur um rökin fyrir því að netaveiði sé bönnuð í landi sveitarfélagsins í Ólafsfjarðarvatni. Hér að neðan er farið yfir hvernig ákvörðunin var tekin:

- Bæjarráði Fjallabyggðar barst eftirfarandi áskorun haustið 2019: "Aðalfundur Veiðifélags Ólafsfjarðar haldinn 31. ágúst 2019 beinir því til bæjarstjórnar Fjallabyggðar að banna alla netaveiði fyrir landi Fjallabyggðar við Ólafsfjarðarvatn". Bæjarráð samþykkti að óska eftir umsögn deildarstjóra tæknideildar.
- Í umsögn deildarstjóra tæknideildar kemur fram að bæði Hólkot og Skeggjabrekka séu í egu sveitarfélagsins og að hann viti að einhverjir hafi lagt þar út net en óvíst um hversu mikið eða oft. Í umsögninni kemur einnig fram að samkvæmt lögum þá hefur landeigandi heimild til þess að leggja net fyrir sínu landi með 300 metra millibili frá þriðjudagsmorgni til föstudagskvölds. Hins vegar þá hafi enginn óskað eftir leyfi Fjallabyggðar fyrir því að leggja net og því er lagt til við bæjarráð að tekið sé tillit til beiðni Veiðifélagsins og að auglýst verði að veiði í net sé bönnuð fyrir landi Fjallabyggðar í Ólafsfjarðarvatni.
- Bæjarráð samþykkti síðan á fundi sínum í janúar 2020 að beina því til bæjarstjórnar að banna alla netaveiði í landi Fjallabyggðar við Ólafsfjarðarvatn og að deildarstjóra tæknideildar væri falið að koma því á framfæri með auglýsingu. Bæjarstjórn samþykkti tillöguna.

Bestu kveðjur



Helga Íris Ingólfssdóttir

Skipulags- og tæknifulltrúi

Beinn sími: 464-9111

Netfang: helgairis@fjallabyggd.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið

upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum

hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar

og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.